

# Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 27. júní 2024

Mál nr. S-440/2024:

## Ákærvaldið

(*Daníel Reynisson aðstoðarsaksóknari*)

gegn

X

(*Einar Hugi Bjarnason lögmaður*)

## Dómur:

### I

Mál þetta, sem dómtekið var 14. júní 2024, að lokinni aðalmeðferð, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Suðurnesjum dags. 14. febrúar 2024 á hendur ákærða X, kt. 000000-0000, [...].

Málið er höfðað á hendur ákærða fyrir hegningarlagabrot, stórfelld brot í nánu sambandi, en til vara líkamsárásir, brot á nálgunarbanni, hótanir, stórfelldar ærumeiðingar í garð nákominna og brot gegn barnaverndarlögum, sem hér segir;

- A. Fyrir stórfelld brot í nánu sambandi gagnvart eiginkonu sinni, A, kt. 000000-0000, framin á tímabilinu frá 1. október 2018 til 25. desember 2020, með því að hafa, ítrekað, endurtekið og á alvarlegan hátt og sérstaklega sársaukafullan og meiðandi hátt, ógnað lífi hennar, heilsu og velferð með líkamlegu, andlegu og fjárhagslegu ofbeldi, öskrað á hana, og með því að hóta henni og börnum þeirra lífláti og líkamsmeiðingum, m.a. sem hér nánar greinir:

### A.I.

Með því að hafa þann 28. október 2020 á þáverandi heimili ákærða og A að [...], í eldhúsi íbúðarinnar, slegið hana í vinstri upphandlegg hennar með fiskispaða, ógnað henni með hnífi og skorið með hnífnum í handarbak hægri handar hennar, en síðan eftir að sonur A og ákærða, B, skarst í leikinn og náði hnífnum af ákærða, dregið A á hárinu inn í svefnherbergi þeirra, læst, og þar inni hótad að drepa hana og bæði slegið og sparkað í líkama hennar, m.a. í kvið hennar og bak. Urðu

afleiðingar háttsemi ákærða þær að A hlaut skurð á hægri handarbaki, mar á vinstri upphandlegg, verki í kvið og baki, eymsli yfir legi, auk mikilla blæðinga frá leggöngum.

#### **A.II.**

Með því að hafa þann 25. desember 2020, hringt tvisvar úr símanúmerinu [...] í farsíma A, þrátt fyrir að ákærða hafi með ákvörðun lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, sem birt var þann 24. nóvember 2020, sætt nálgunarbanni, þ.e. verið bannað að koma á eða við heimili eða dvalarstað A, veita henni eftirför, nálgast hana á almannafæri, eða setja sig á annan hátt í beint samband við hana.

#### **A.III.**

Með því að hafa þann 8. janúar 2021, hringt í A í gegnum Facebook Messenger, þrátt fyrir að ákærða hafi með ákvörðun lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, sem birt var þann 24. nóvember 2020, sætt nálgunarbanni, sbr. lið A.II.

#### **A.IV.**

Með því að hafa á tímabilinu frá 1. október 2018 til 28. október 2020, á þáverandi heimili þeirra A á hverjum tíma innan framangreinds tímabils, fyrst á [...] og svo á [...], beitt A endurteknu líkamlegu ofbeldi, jafnan 1 – 3 sinnum í mánuði, m.a. með því að slá hana víðs vegar um líkamann, sparka í kvið hennar og rífa í hár hennar.

#### **A.V.**

Með því að hafa á tímabilinu frá 1. október 2018 til 28. október 2020, beitt A viðvarandi andlegu ofbeldi, nær daglega, hóttað henni og börnum þeirra lífláti stjórnað henni, meinað henni um lækniástoð þegar hún þurfti á henni að halda, gert lítið úr henni, talað niður til hennar, vantroyst henni, einangrað hana og bannað henni að fara úr húsi, neitað henni um peninga og tekið alla innkomu heimilisins til sjálfs sín, sem og með því að hafa beitt börn þeirra A ofbeldi í viðurvist hennar.

Telst framangreind háttsemi ákærða í ákærulið A. sbr. undirliði A.I. – A.V. varða við 1. sbr. 2. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Til vara telst háttsemi ákærða samkvæmt undirlið A.I. varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Til vara telst háttsemi ákærða samkvæmt undirliðum A.II. og A.III. varða við 232. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Til vara telst háttsemi ákærða samkvæmt undirlið nr. A.V. varða við 1. mgr. 233. gr. og 233. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

- B.** Fyrir stórfelld brot í nánu sambandi gagnvart syni sínum, B, kt. 000000-0000, framin á tímabilinu frá 1. október 2018 til 28. október 2020, með því að hafa, ítrekað, endurtekið og á alvarlegan hátt og sérstaklega sársaukafullan og meiðandi hátt, ógnað lífi, heilsu og velferð hans, með líkamlegu- og andlegu ofbeldi og með þeirri háttsemi sinni ítrekað misþyrmt og misboðið honum þannig að líkamlegri og andlegri heilsu hans var hætta búin, sýnt af sér vanvirðandi háttsemi, ruddalegt og ósiðlegt athæfi gagnvart honum og móðgað hann og sært m.a svo sem hér nánar greinir:

#### **B.I.**

Með því að hafa á framangreindu tímabili á sameiginlegu heimili þeirra á hverjum tíma innan framangreinds tímabils, fyrst á [...] og svo á [...], beitt B ítrekuðu líkamlegu ofbeldi, oftast með því að slá hann með flötum lófa í bók, hendur og höfuð.

#### **B.II.**

Með því að hafa á framangreindu tímabili, beitt B endurteknu og viðvarandi andlegu ofbeldi, öskrað á hann og talað til hans með niðrandi hætti.

#### **B.III.**

Með því að hafa á framangreindu tímabili ítrekað, beitt móður B, A, og bræður hans, C og D, andlegu og líkamlegu ofbeldi á sameiginlegu heimili þeirra, í hans viðurvist.

#### **B.IV.**

Með því að hafa þann 28. október 2020 á þáverandi heimili þeirra að [...], er B reyndi að stöðva árás ákærða gegn móður hans skv. lið A.I., slegið B í höfuð og

ofanverðan bók, auk þess að troða fingrum sínum í munn B. Urðu afleiðingar háttsemi ákærða þær að B hlaut kúlu og þreyfieymsli á höfði, þrjú klórför í andliti og tvo grunnlæga skurði á hægri handlegg.

Afleiðingar háttsemi ákærða í kafla B. eru m.a. þær að B var hræddur við ákærða, föður sinn, og var hann hræddur um að ákærði myndi drepa hann, móður hans og bræður hans.

Telst framangreind háttsemi ákærða í kafla B., sbr. undirliði B.I. – B.IV., varða við 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Til vara er háttsemi ákærða í kafla B., sbr. undirliði B.I. – B.IV., talin varða við 1. mgr. 98. gr. og 1. sbr. 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og einnig 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að því er undirlið B.IV. varðar

- C. Fyrir stórfelld brot í nánu sambandi gagnvart sonum sínum, C, kt. 000000-0000 og D, kt. 000000-0000, framin á tímabilinu frá 1. október 2018 til 30. mars 2021, með því að hafa, ítrekað, endurtekið og á alvarlegan hátt og sérstaklega sársaukafullan og meiðandi hátt, ógnað lífi, heilsu og velferð þeirra, með líkamlegu- og andlegu ofbeldi og með þeirri háttsemi sinni ítrekað misþyrmt og misboðið þeim þannig að líkamlegri og andlegri heilsu þeirra var hætta búin, sýnt af sér vanvirðandi háttsemi, ruddalegt og ósiðlegt athæfi gagnvart þeim og móðgað þá og sært m.a svo sem hér nánar greinir:

#### **C.I.**

Með því að hafa, á sameiginlegu heimili þeirra á hverjum tíma innan framangreinds tímabils, fyrst á [...] og svo á [...], beitt C og D ítrekuðu líkamlegu ofbeldi, m.a. með því að slá þá með opnum lófa á kinnar og læri, sem og að taka þá upp og henda í gólfíð, m.a. þegar ákærða finnst þeir vera óþekkir eða með of mikinn hávaða.

## C.II.

Með því að hafa á framangreindu tímabili, ítrekað hótað C og D ofbeldi, m.a. að skera þá með hníf, myndu þeir ekki hlýða honum.

## C.III.

Með því að hafa á framangreindu tímabili ítrekað látið C og D horfa upp á það alvarlega líkamlega og andlega ofbeldi sem ákærði beitti móður þeirra og bræður á sameiginlegu heimili þeirra, í þeirra viðurvist.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Með framhaldsákæru útgefinni 18. apríl 2024 var bætt við upphaflegu ákærana heimfærslu háttseminnar sem lýst er í kafla C., sbr. undirliði C.I. – C.III., til refsíákvæða. Telst háttsemin aðallega varða við 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en til vara við 1. mgr. 98. gr. og 1. sbr. 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Ákærði krafðist þess að ákærulið C. og þeim hluta ákæruliða A.II. og A.III. sem varða til vara ætluð brot gegn 232. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 yrði vísað frá dómi. Þá var þess krafist að framhaldsákæru yrði vísað frá dómi. Kröfu ákærða um frávísun var hafnað með úrskurði réttarins 16. maí 2024.

## II

### ***Kröfur og sjónarmið ákærða.***

Ákærði krefst þess aðallega að hann verði sýknaður en til vara, komi til sakfellingar, er krafist vægustu refsingar sem lög frekast heimila. Þá er þess krafist að allur sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð þ.m.t. málsvarnarlaun verjanda ákærða samkvæmt tímaskýrslu.

Ákærði byggir kröfu sína um sýknu á því að sekt hans sé ósönnuð en hann hafi frá upphafi staðfastlega neitað sök og framburður hans verið stöðugur og trúverðugur. Þá liggi ekki fyrir hvernig tímabilin, sem tilgreind séu í ákæru, séu fundin og hvorki lögregla né önnur yfirvöld hafi haft afskipti af fjölskyldu ákærða fyrr en 28. október 2020, sbr. ákærulið A.I. Þá mótmælir ákærði sérstaklega heimfærslu meintra brota til refsíákvæða.

Ákærði segir að engin sönnunargögn fyrir utan óljósra framburða eiginkonu hans og elsta sonar þeirra liggi fyrir í málinu. Þá telur ákærði að hann hafi ekki notið réttlátrar málsmeðferðar þar sem hann hafi ekki notið aðstoðar tólks og ekki heldur fyrrum eiginkona hans á rannsóknarstigi málsins. Ákærði mótmælir því að háttsemi hans geti varðað við 1. sbr. 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ekkert liggi fyrir um það að háttsemi ákærða hafi staðið yfir í lengri tíma þannig að telja megi að ógnarástand hafi skapast og atvikið 28. október 2020 hafi verið einangrað tilvik. Ákærði neitar því alfarið að hafa beitt eiginkonu sína og syni ofbeldi.

### III

#### *Almennt.*

Samkvæmt rannsóknargögnum málsins flutti fjölskylda ákærða frá Írak til Íslands árið 2018 sem umsækjendur um alþjóðlega vernd og fengu hana í apríl 2020. Ákærði og fyrrum eiginkona hans og brotapolinn, A, áttu þá þrjá syni, B fæddan árið 2008, C fæddan 2017 og D fæddan 2018. Virðast fyrstu afskipti lögreglu af ákærða og fjölskyldu hafa verið síðdegis miðvikudaginn 28. október 2020 þegar lögreglunni á Suðurnesjum barst tilkynning um yfirstandandi heimilisofbeldi að [...] á þáverandi heimili ákærða og fjölskyldu hans, sbr. ákærulið A.I. Á vettvangi lýsti elsti sonur ákærða ofbeldi af hálfu ákærða gagnvart drengnum og móður hans, sbr. síðar. Ákærði var handtekinn og fluttur á lögreglustöð.

Með bréfi barnaverndarnefndar Reykjanesbæjar dags. 29. október 2020 var mál fjölskyldu ákærða framsent til barnaverndar Reykjavíkur vegna flutnings fjölskyldunnar þangað. Bréfinu fylgdi skýrsla vegna heimilisofbeldis varðandi atvikið 28. október 2020. Í skýrslunni kemur fram lýsing á atvikinu og frásagnir eiginkonu ákærða og elsta sonar hans af því. Þar kemur fram að eiginkona ákærða vilji fara frá honum.

Í bakvaktarskýrslu starfsmanns barnaverndar frá 1. nóvember 2020 kemur fram að félagsráðgjafi Kvennaathvarfsins hafi haft samband og óskað eftir aðstoð vegna líkamlegra verkja eiginkonu ákærða og elsta sonar þeirra. Farið var með þau bæði á slysadeild til skoðunar en á meðan fóru yngri synir ákærða á vistheimili. Í skýrslunni er síðan lýst slæmri líðan eiginkonu ákærða og var talið að hún væri að missa fóstur þó þungunarpróf hafi verið neikvætt. Drengurinn spurði einnig út í það hvort móðir hans

væri með barn í maganum en hún hefði sagt honum það. Hann kvaðst vita að ákærði hefði drepið barnið. Að lokinni skoðun og meðhöndlun á sjúkrahúsinu fóru eiginkona ákærða og synir þeirra aftur í Kvennaathvarfið.

Kvennaathvarfið tilkynnti með bréfi dags. 4. nóvember 2020 til barnaverndar Reykjavíkur um mál eiginkonu ákærða og sonar þeirra. Þau hafi komið í athvarfið 30. október 2020 og þá hafi starfsmönnum skilist að þau hafi ekki verið búin að borða í tæpan sólarhring. Þetta hafi verið í annað sinn síðan fjölskyldan hafi komið til Íslands sem ákærði hafi beitt eiginkonu sína hrottalegu ofbeldi og að því er virtist í þeim tilgangi að deyða barn sem hún hafi borið undir belt. Þá hafi komið fram hjá eiginkonu ákærða og elsta syni þeirra að ákærði hafi beitt þau ítrekað líkamlegu ofbeldi og yngri synir ákærða verið vitni að því. Elsti sonurinn sé farinn að reyna að berjast á móti ákærða til að koma í veg fyrir ofbeldi gagnvart móður drengsins. Í tilkynningunni er síðan lýst miklum líkamlegum verkjum eiginkonu ákærða og mikilli blæðingu frá kynfærum en hún hafi haldið að hún væri að missa fóstur. Hún hafi farið með sjúkrabifreið á sjúkrahús 3. nóvember 2020 eins og fram er komið.

Með bréfi dags. 11. nóvember 2020 fór barnavernd Reykjavíkur fram á rannsókn lögreglu á langvarandi líkamlegu- og tilfinningalegu ofbeldi ákærða gagnvart elsta syni hans, B, sem hafði dvalið í Kvennaathvarfinu ásamt móður sinni, A, og yngri bræðrum síðan 30. október 2020. Í bréfi barnaverndar kemur fram að móðir drengjanna hafi í kjölfar atviksins 28. október 2020, sbr. ofanritað, farið í íbúð fjölskyldunnar að [...] en síðan í Kvennaathvarfið 30. sama mánaðar eftir að hafa hitt starfsmann barnaverndar. Barnavernd hafi borist upplýsingar frá Kvennaathvarfinu 1. nóvember 2020 um að B og móðir hans væru verkjuð eftir ofangreinda árás ákærða. Fór starfsmaður barnaverndar með þeim í lækni skoðun á slysadeild Landspítalans (LHS). Skoðun leiddi í ljós að líklega hafi A misst fóstur af völdum ofbeldis ákærða en hann hefði sparkað ítrekað í kvið hennar eftir að hún hafði tilkynnt honum að hún væri líklega barnshafandi. A og B greindu frá því að þetta væri þá líklega í annað skipti sem A missti fóstur eftir ofbeldi af hálfu ákærða. B kvaðst vera með mikinn höfuðverk eftir ofbeldi ákærða en hann hafi m.a. kýlt drenginn ítrekað með krepptum hnefa í höfuðið. Drengurinn kvaðst einnig finna fyrir svima og vera með skerta heyrn eftir ofbeldi ákærða. Drengurinn átti einnig erfitt með að borða og kvaðst hann finna fyrir ógleði og kasta oft upp eftir að hafa borðað.

Í bréfi Kvennaathvarfsins til barnaverndar dags. 27. nóvember 2020 segir að í viðtali við eiginkonu ákærða 25. sama mánaðar hafi komið fram að ákærði hafi ítrekað beitt yngri syni sína ofbeldi. Þá hafi þeir einnig verið viðstaddir ofbeldi ákærða gagnvart móður þeirra og elsta bróður þeirra. Ákærði hafi m.a. lamið drengina með lófa á kinnar og tekið þá upp með báðum höndum og hent þeim harkalega í gólfið. Þá hafi ákærði hótað drengjunum og m.a. sagt að hann myndi ná í hníf og skera þá ef þeir sætu ekki kyrrir, hlýddu ákærða og myndu þegja.

#### IV

##### *Ákæruliður A. (A.I.-A.V.).*

##### *Málavextir.*

##### *Ákæruliður A.I.*

Eins og fram er komið var lögregla kölluð að þáverandi heimili ákærða og fjölskyldu hans að [...] síðdegis miðvikudaginn 28. október 2020 vegna heimilisofbeldis. Þegar lögregla kom á vettvang var eiginkona ákærða, A, og elsti sonur hennar og ákærða, B, stödd í annarri íbúð í húsinu. Húsráðandi í þeirri íbúð kvaðst hafa heyrt mikil læti frá íbúð ákærða og síðan hafi A og B komið inn í íbúðina sem var á neðri hæð hússins. Húsráðandinn sagði að B, sem hafi verið mjög æstur, hafi verið með hníf og sleif og viljað komast aftur upp til ákærða en móðir drengsins hafi varnað honum því. Drengurinn hafi slegið móður sína ítrekað með sleifinni en síðan sleppt henni og hnífnum og þá tekið slökkvitæki og ógnað móður sinni með því.

Þegar lögregla kom á vettvang var B orðinn rólegur og lýsti því að hann hafi beðið um að fá að borða en móðir hans hafi verið að elda matinn. Faðir hans, ákærði í máli þessu, hafi þá brjálást og drengurinn þá farið inn í herbergi og læst að sér. Ákærði hafi komið á eftir honum með hníf og stungið honum oft í herbergishurðina og öskrað á drenginn. Þegar hann hafi farið út úr herberginu hafi ákærði séð drenginn sem hafi þá farið inn í annað herbergi og læst að sér. Ákærði hafi þá einnig stungið hníf í hurðina að því herbergi og haldið áfram að öskra á drenginn. Þegar hann hafi farið út úr herberginu hafi ákærði slegið drenginn í höfuðið með hillu og hann fallið í gólfið en þá hafi móðir hans skorist í leikinn. Ákærði hafi þá m.a. valdið áverka með hníf á handarbaki móður drengsins og lagt hendur á yngri syni ákærða. Ákærði var handtekinn og fluttur á lögreglustöð.

Samkvæmt vottorði heilsugæslunnar í Keflavík fór læknir á fyrrum heimili ákærða 28. október 2020 og hitti þar A eiginkonu hans. Hún lýsti því fyrir læknum að komið hafi til ágreinings milli hennar og ákærða. Hann hafi verið með eldhúshníf og ógnað A og elsta syni þeirra. Þá hafi ákærði lamið í upphandlegg A með málmsleif og ógnað henni með hnífnum. Hann hafi einnig dregið hana niður á hárinu og snúið henni í hring á gólfinu. A kvaðst verkja í vinstri upphandlegg og handarbak eftir átökin. Mar, sex til sjö cm í þvermál, var byrjað að myndast á aftanverðum vinstri upphandlegg eins og eftir högg með hörðu áhaldi. Þá var grunnlægur skurður á hægri handarbaki en ekki merki um blæðingu.

Eiginkona ákærða, A, fór á bráðamóttöku Landspítalans (LSH) 1. nóvember 2020. Þar lýsti hún líkamsárás af hálfu ákærða 29. október sama ár og hafi ákærði sparkað ítrekað í kviðinn á henni. Hún lýsti því að í kjölfarið hafi blætt mikið úr kynfærum hennar og hún verið með mikla verki í kviðnum sem hafi leitt aftur í bak. Nóttina áður en hún hafi komið á LSH hafi A vaknað við mikla blæðingu frá leggöngum og mikið blóð verið í buxum og laki. Hún hafi haft áhyggjur af því að hún kynni að hafa verið þunguð. Við skoðun var kviður A mjúkur og eymsli yfir legi. Þungunarpróf var tekið úr þvagi og var það jákvætt. Greining var óeðlileg og ótilgreind leg- og leggangablæðing. Þar sem mögulega var um fósturmissi að ræða var haft samband við kvennadeild og fór A þangað í kjölfar skoðunar á bráðamóttöku. Samkvæmt vottorði kvennadeildar LSH dags. 7. júní 2021 reyndist endurtekið þungunarpróf í þvagi neikvætt og einnig þungunarpróf í blóði. Hefur því ekki verið um þungun að ræða og upprunalega þungunarprófið, sem tekið var á bráðamóttöku, því verið fals jákvætt. Þungunarpróf vegna fósturláts verði oftast ekki neikvætt fyrr en jafnvel tveimur til þremur vikum eftir að fósturlát hefur orðið og því sé ekki hægt að segja að ofbeldið hafi valdið fósturláti þar sem þungunarpróf ætti þá að vera alla vega örlítið hækkað miðað við þessa tímasetningu. Við skoðun á kvennadeild kom ekkert óeðlilegt í ljós.

Daginn eftir atvikið gaf ákærði skýrslu hjá lögreglu eftir dvöl í fangageymslu. Hann skýrði svo frá að elsti sonur hans, B, og eiginkona ákærða, A, hafi ráðist á ákærða. A hafi haldið um höfuð ákærða og B kýlt ákærða í andlit og höfuð. Ákærði hafi hent B út úr herberginu sem þau hafi verið inn í og læst hurðinni. B hafi þá komið með hníf og stungið ítrekað í hurðina. Ákærði hafi þá opnað hurðina og ýtt A út úr herberginu og þá hafi hann

heyrnt yngri syni sína grátandi í öðru herbergi. B hafi hent til glermunum og öðru dóti í gólfið þannig að glerbrot hafi verið út um allt. Síðan hafi hann og A farið út og inn í íbúð á neðri hæð hússins. Ákærði kvaðst hafa verið beittur ofbeldi af hálfu A og B og það hafi verið tilraun til manndráps. Í átökunum hafi ákærði ekki slegið A eða B heldur aðeins reynt að halda þeim frá sér. Hann hafi ekki verið með hníf og notað hillu til að verjast B.

Við lok skýrslutökunnar var ákærða birt ákvörðun lögreglustjóra um nálgunarbann og brottvísun af heimili. Áður en það var gert voru vægari úrræði gagnvart ákærða reynd þ.e. með því að ákærði undirritaði yfirlýsingu um að koma ekki á heimili eiginkonu sinnar og sona í fjórar vikur en hann hafnaði því nema eiginkonu hans og elsta syni hans yrði einnig refsað.

#### *Ákæruliðir A.II. og A.III.*

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu tók ákvörðun um nálgunarbann og brottvísun af heimili gagnvart ákærða 29. október 2020. Tók brottvísunin til heimilis fjölskyldu ákærða að [...] og nálgunarbannið var gagnvart eiginkonu hans og þremur sonum þeirra. Lagt var bann við því að ákærði kæmi í, á eða í námunda við [...] á svæði sem afmarkaðist við 50 metra radíus umhverfis húsið mælt frá miðju þess. Jafnframt var lagt bann við því að ákærði veitti eiginkonu sinni og sonum þeirra eftirför, nálgaðist þau á almannafæri eða setti sig í sambandi við þau með öðrum hætti allt til fimmtudagsins 26. nóvember 2020 kl. 16:00. Ákvörðunin var birt ákærða 29. október 2020.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu tók á ný ákvörðun um nálgunarbann ákærða gagnvart eiginkonu hans og sonum og gildi hún til 26. maí 2021 kl. 16:00. Var ákvörðunin birt ákærða 24. nóvember 2020 en hann neitaði að rita undir hana.

Lögreglu var tilkynnt 29. desember 2020 og 8. janúar 2021 að ákærði hafi brotið gegn nálgunarbanninu. Rannsóknargögn málsins benda til þess að 25. desember 2020 hafi ákærði tvívegis hringt úr símanúmerinu [...] í farsíma A og 8. janúar 2021 hringt í hana í gegnum Facebook Messenger.

Í skýrslutöku hjá lögreglu kvaðst ákærði ekki hafa hringt í A og ekki reynt að setja sig í samband við hana því hann hafi ekki vitað hvar hún væri.

*Ákæruliðir A.IV. og A.V.*

Eins og fram er komið dvaldi eiginkona ákærða, A, ásamt þremur sonum þeirra í Kvennaathvarfinu í byrjun nóvember 2020 í kjölfar atviksins sem lýst er í ákærulið A.I. Í viðtölum við starfsmann þar lýstu A og elsti sonur hennar, B, því að ákærði hefði hótað fjölskyldunni lífláti og hann ætlaði að svipta þau lífi með hníf.

Í skýrslu starfsmanns velferðarsviðs Reykjanesbæjar í kjölfar atviksins sem lýst er í ákærulið A.I. kemur fram að eiginkona ákærða hafi lýst því að hann hafi beitt hana andlegu og líkamlegu ofbeldi til margra ára. Ákærði gæti hins vegar að því að það sjáist ekki áverkar á henni og hann veiti henni því frekar áverka á staði þar sem hún geti falið þá. Ákærði banni eiginkonunni að fara út úr húsi nema þá á leikskóla og í verslun. Þá banni ákærði konu sem eiginkonan þekki á Íslandi að hringja í hana. Þá skammti hann eiginkonunni peninga og fylgist með því hvernig hún eyði þeim.

Í viðtölum starfsmanns Kvennaathvarfsins við elsta son ákærða í byrjun nóvember 2020 lýsti drengurinn því að ákærði væri vondur maður og spurði hvort ekki væri hægt að senda hann til baka eða setja hann í fangelsi. Þau væru öll þ.e. synir ákærða og móðir þeirra hrædd við hann en hann meiddi þau mjög mikið og endurtekið. Drengurinn sagði að ákærði öskraði á drengina og móður þeirra og beitti ógnarstjórnun. Yngri bræður drengsins myndu yfirleitt flýja inn í herbergi þegar ákærði beitti ofbeldi en hann myndi lemja elsta drenginn alls staðar í líkamann. Drengurinn kvaðst stundum hafa verið hræddur um að ákærði myndi drepa syni sína og móður þeirra. Ákærði hefði beitt eiginkonu sína miklu ofbeldi og lamið hana hvar sem er í líkamann m.a. kröftugum hnefahöggum.

Í skýrslutökum hjá lögreglu vegna málsins kvaðst ákærði ekki minnast þess að hafa veitt eiginkonu sinni áverka og hann vissi ekki hvort hann hefði beitt hana andlegu ofbeldi. Þá sagði ákærði að ef hann hefði beitt eiginkonu sína líkamlegu ofbeldi hefðu átt að sjást áverkar á henni.

*Framburður ákærða og vitna fyrir dómi.*

Ákærði, X, kvaðst ekki muna eftir atvikinu sem lýst er í ákærulið A.I. og vildi lítið tjá sig umfram það. Hann sagði að það hafi verið eitthvað rifrildi í gangi, einhver hafi hringt á lögreglu og hann hafi verið handtekinn. Hann vildi ekki tjá sig um þá áverka sem eiginkona hans var með eftir atvikið. Hann kvaðst ekkert vita um það sem lýst er í ákæruliðum A.II. og A.III. þ.e. brot gegn nálgunarbanni. Hann sagðist hafa verið með símanúmerið [...] en hann kannaðist ekki við þann facebook aðgang sem hann á að hafa notað 8. janúar 2021. Þá kvaðst hann hvorki hafa beitt eiginkonu sína andlegu né líkamlegu ofbeldi á því tímabili sem tilgreint er í ákæruliðum A.IV. og A.V. Ákærði kvaðst aldrei hafa hótað henni, ekki talað niður til hennar, ekki bannað henni að fara út úr húsi né bannað henni að fara til læknis.

Vitnið, E, kvaðst hafa búið í sama húsi og fjölskylda ákærða þegar atvikið varð sem lýst er í ákærulið A.I. Kona hafi komið ásamt æstum syni sínum inn í íbúð vitnisins og hafi hún verið að reyna að róa drenginn. Hann hafi verið með hníf og fiskispaða og slegið móður sína í neðri hluta líkamans en vitnið kvaðst ekki hafa séð hnífinn rekast í móður drengsins. Drengurinn hafi einnig tekið upp slökkvitæki og ætlað að reka það í móður sína. Vitnið kvaðst ekki vita af hverju þau hafi komið inn í íbúð þess þ.e. hvað hafði gerst hjá þeim. Þau hafi ekki talað íslensku en drengurinn hafi talað íslensku við lögreglumenn sem hafi komið á vettvang.

Vitnið, F læknir, kvaðst hafa skoðað eiginkonu ákærða á slysa- og bráðadeild Landspítalans 28. október 2020. Hafi hún aðallega lýst blæðingum frá leggöngum og því hafi hún verið send á kvennadeild til frekari skoðunar. Hún hafi ekki verið með áverka á kvið, baki eða höfði. Vitnið staðfesti vottorð sitt.

Vitnið, G læknir, sagði það ólíklegt að eiginkona ákærða hafi verði þunguð þegar atvikið varð sem lýst er í ákærulið A.I. Fals jákvæð próf um þungun séu til en þau séu sjaldgæf. Hvað það varðar geti skipt máli hvernig lesið sé úr prófi og hvort það hafi beðið áður en lesið sé úr því. Erfitt sé að segja til um af hverju blætt hafi frá leggöngum eiginkonu ákærða. Vitnið kvaðst ekki hafa skoðað hana en gefið út vottorð vegna málsins á grundvelli gagna málsins. Vitnið staðfesti vottorð sitt.

Vitnið, H lækni, fór á heimili fjölskyldu ákærða 28. október 2020. Vitnið sagði að mar sem eiginkona ákærða hafi verið með gæti hafa verið eftir högg með hörðu áhaldi. Vitnið staðfesti vottorð sitt.

Vitnið og brotapolinn, A, nýtti sér rétt sinn vegna tengsla við ákærða að gefa ekki skýrslu fyrir dómi, sbr. a.-lið 1. mgr. 117. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Kvaðst hún gera það þar sem nú væri allt í lagi hjá henni og sonum hennar og ákærða.

#### *Niðurstaða.*

Ákærði neitar sök og fyrir dómi kvaðst hann reyndar ekki muna eftir atvikinu sem lýst er í ákærulið A.I. Þykir það ótrúverðugt m.a. í ljósi þess að hann var handtekinn og færður í fangaklefa í kjölfar þess. Við skýrslutöku hjá lögreglu kvaðst hann hafa verið beittur ofbeldi af fyrrum eiginkonu sinni og elsta syni þeirra. Sá framburður hans eða framburður hans að öðru leyti þ.e. neitun á sakargiftum fær ekki stoð í rannsóknargögnum málsins. Framburður ákærða er ótrúverðugur og verður hann því ekki lagður til grundvallar við úrlausn málsins.

Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að íbúi á neðri hæð hússins þar sem ákærði og fjölskylda hans bjuggu hafi heyrt mikil læti frá íbúð fjölskyldunnar þegar atvikið sem lýst er í ákærulið A.I. varð. Fyrrum eiginkona ákærða og elsti sonur þeirra komu síðan inn í íbúðina á neðri hæðinni. Sonurinn var með hníf og sleif eða annað áhald og mjög æstur. Hann hafi viljað komast aftur upp í íbúð fjölskyldunnar og þá líklega til að ná sér niðri á ákærða. Drengurinn lýsti því síðan fyrir lögreglumönnum að ákærði hafi brjálást og drengurinn þá farið inn í herbergi og læst að sér. Ákærði hafi þá komið á eftir drengnum með hníf, öskrað á drenginn og stungið hnífnum oft í herbergishurðina. Þegar ákærði hafi hætt því hafi drengurinn farið fram og inn í annað herbergi og þá hafi ákærði einnig öskrað á drenginn og stungið hníf í þá herbergishurð. Síðan hafi drengurinn ætlað að koma sér út úr íbúðinni en ákærði þá slegið drenginn í höfuðið með hillu. Móðir hans hafi þá skorist í leikinn og ákærði þá m.a. valdið áverka á handarbaki hennar með hníf.

Lækni fór á heimili fjölskyldu ákærða í kjölfar atviksins og hitti þar fyrrum eiginkonu hans A. Hún lýsti því fyrir læknum að komið hafi til ágreinings milli hennar og ákærða. Hann hafi verið með eldhúshníf og ógnað A og elsta syni þeirra. Ákærði hafi m.a. lamið

í upphandlegg A með málmhleif og ógnað henni með hnífnum. A verkjaði í upphandlegg og handarbak eftir átökin. Byrjað var að myndast mar, sex til sjö cm í þvermál, á handlegg eins og eftir högg með hörðu áhaldi. Þá var grunnlægur skurður á hægra handarbaki en ekki merki um blæðingu.

A fór á bráðamóttöku LSH 1. nóvember 2020. Þar lýsti hún umræddri líkamsárás af hálfu ákærða og hann hafi m.a. sparkað ítrekað í kviðinn á henni. Í kjölfarið hafi blætt mikið úr kynfærum hennar og hún verið með mikla kviðverki sem hafi leitt aftur í bak. Nóttina áður en hún kom á LSH hafi A vaknað við mikla blæðingu frá leggöngum og mikið blóð verið í buxum og laki. Hún hafði áhyggjur af því að hún kynni að hafa verið þunguð en svo reyndist ekki vera. Greining var óeðlileg og ótilgreind leg- og leggangablæðing.

Í bréfi Kvennaathvarfsins til barnaverndar kemur fram að A hafi verið fylgt á sjúkrahús vegna blæðinga frá kynfærum og alvarlegra verkja í kvið og baki eftir atvikið 28. október 2020. Hún hafi talið að hún væri að missa fóstur.

Vitnið, elsti sonur ákærða, lýsti því fyrir dómi að það hafi heyrt að það hafi verið komið „stríð“ á milli móður vitnisins og ákærða og þau verið inn í herbergi þegar atvikið sem lýst er í ákærulið A.I. varð. Ákærði hafi notað ljót orð, lamið og sparkað í móður vitnisins m.a. í magann á henni. Ákærði hafi ekki hætt að lemja móður vitnisins þrátt fyrir að hún hafi þrábeðið hann um það. Ákærði hafi einnig slegið vitnið m.a. með hillu í höfuðið.

Í skýrslu hjá lögreglu í kjölfar atviksins, sem lýst er í ákærulið A.I., skýrði A frá því að ákærði hafi verið ósáttur við hana og verið með hníf. Hann hafi skorið A í hendina með hnífnum þegar hún hafi reynt að ná honum af ákærða. Hann hafi sagst ætla að drepa A og einnig B þegar hann hafi reynt að verja móður sína. Ákærði hafi ráðist á drenginn og slegið hann ítrekað. Ákærði hafi dregið A á hárinu, slegið hana og hrækt á hana. Hann hafi einnig reynt að skvetta heitu vatni á A og B.

Í viðtölum fyrrum eiginkonu ákærða við starfsmann Kvennaathvarfsins kom m.a. fram að ákærði hefði hóttað fjölskyldunni lífláti og hann ætlaði að svipta þau lífi með hníf. Þá lýsti hún því við starfsmann félagsþjónustu að ákærði hafi beitt hana andlegu og líkamlegu ofbeldi til margra ára. Ákærði hafi hins vegar séð til þess að það hafi ekki sést

áverkar á henni og hann hafi veitt henni áverka á staði þar sem hún hafi getað falið þá. Þá hafi ákærði bannað henni að fara út úr húsi nema þá á leikskóla og í verslun. Þá hafi ákærði skammtað eiginkonunni peninga og fylgist með því hvernig hún eyddi þeim.

Vitnið, elsti sonur ákærða, lýsti því fyrir dómi að ákærði hefði löðrungað vitnið, móður þess og yngri bræður. Einu sinni hefði blætt mikið úr móður vitnisins en ákærði hafi ekki viljað láta hana hafa pening til að fara til læknis né til annarra þarfa. Þá hafi ákærði oft sagt ljót orð við móður vitnisins og öskrað á hana. Hann hafi m.a. spurt hana hvers vegna hún væri á lífi. Þá hafi ákærði lamið og sparkað í hana.

Ákvæði 218. gr. b almennra hegningarlaga var bætt inn í löginn með 4. gr. laga nr. 23/2016. Í almennum athugasemdum með frumvarpi til þeirra laga kemur m.a. fram að með ákvæðinu sé horfið frá því að líta á ofbeldi í nánnum samböndum sem samansafn einstakra tilvika og athyglin færð á þá viðvarandi ógn og andlegu þjáningu sem ofbeldið hefur í för með sér. Það eigi að virða ofbeldisbrot í nánnum samböndum heildstætt og eftir atvikum án þess að sanna þurfi hvert og eitt tilvik fyrir sig. Ákvæðinu sé fyrst og fremst ætlað að ná yfir háttsemi sem staðið hafi yfir í lengri eða skemmri tíma þótt því yrði jafnframt beitt um einstök alvarlegri tilvik. Áhersla sé lögð á það ógnarástand sem slík tegund ofbeldis geti skapað og þá langvarandi andlegu þjáningu sem því geti fylgt. Þá segir að ofbeldi í nánnum samböndum geti birst á ýmsa vegu, svo sem með andlegu ofbeldi þar sem er beitt grófum og endurteknum uppnefnum, niðurlægingu og ásökunum.

Þannig þarf ekki að sanna hvert og eitt tilvik þegar ákærði á að hafa beitt fyrrum eiginkonu sína ofbeldi af einhverju tagi. Þá þarf hvorki að tímasetja né staðsetja tilvikin nákvæmlega.

Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 skal dómur reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Í 3. mgr. 111. gr. kemur fram að dómari meti hvort skýrsla vitnis hjá lögreglu geti haft sönnunargildi í máli þótt vitnið komi ekki fyrir dóminn ef uppfyllt sé það skilyrði að ekki hafi verið kostur á að fá það fyrir dóm við meðferð málsins. Þetta orðalag hefur m.a. verið skýrt þannig að það geti átt við þegar vitni nýtir sér rétt sinn og gefur ekki skýrslu fyrir dómi, sbr. a.-lið 1. mgr. 117. gr. laganna. Það gerði fyrrum eiginkona ákærða, A, í máli þessu og gaf þá skýringu að nú

væri líf hennar og sona hennar í lagi. Hún virtist því ekki vilja rifja upp erfiðar stundir úr lífi sínu eins og eðlilegt getur verið. Hún gaf skýrslu hjá lögreglu strax í kjölfar atviksins sem lýst er í ákærulið A.I. og skýrði þar frá ofbeldi af hálfu ákærða eins og fram er komið. Þá gaf hún aftur skýrslu hjá lögreglu 17. nóvember 2020 að viðstöddum réttargæslumanni og skýrði þá frá atvikinu, sem lýst er í ákærulið A.I., mjög á sama veg og áður. Þá lýsti hún einnig frekara ofbeldi, bæði andlegu og líkamlegu, af hálfu ákærða. Meðal annars hafi verið um hótanir að ræða t.d. um að brjóta fæturna á A og drepa hana og syni þeirra. Þá lýsti hún því að hún væri mjög hrædd við ákærða. Þau réttindi sem mælt er fyrir um í 111. gr. laga nr. 88/2008 eru þýðingarmikill hluti af rétti sakbornings til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi í skilningi 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Jafnframt styðst réttur vitnis til að skorast undan því að bera vitni gegn nákomnum aðila, sbr. 1. og 2. mgr. 117. gr. laga nr. 88/2008 við þýðingarmikil rök sem lúta að því að ekki sé rétt að gera þá kröfu til vitna að þau beri vitni um atriði sem geta leitt til sakfellingar nákominna. Framburður brotapolans, A, hjá lögreglu var skýr og afdráttarlaus og er í samræmi við rannsóknargögn málsins. Ekkert er því fram komið um annað en að fært sé að byggja á honum við úrlausn málsins enda fær hann stoð í rannsóknargögnum málsins og í framburði B sonar ákærða og A.

Með vísan til ofanritaðs telst hafið yfir skynsamlegan vafa og þar með sannað að ákærði hafi um langt tímabil gerst sekur um andlegt og líkamlegt ofbeldi gagnvart fyrrum eiginkonu sinni og þ.m.t. þann verknað sem lýst er í ákærulið A.I. og með þeim afleiðingum sem þar er lýst. Þó verður ekki fullyrt að ofbeldið hafi byrjað 1. október 2018 eins og tekið er fram í upphafi ákærunnar né að ákærði hafi beitt fyrrum eiginkonu sína líkamlegu ofbeldi allt að þrisvar sinnum í mánuði frá 1. október 2018 til 28. október 2020 eins og tekið er fram í ákærulið A.IV. Þrátt fyrir það hefur ákærði endurtekið og á alvarlegan hátt ógnað heilsu og velferð fyrrum eiginkonu sinnar þannig að varðar við 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Háttsemi ákærða þykir ekki, eins og atvikum málsins er háttað, jafnframt varða við 2. mgr. 218. gr. b. hegningarlaganna eins og talið er í ákæru.

Samkvæmt rannsóknargögnum málsins var hringt tvisvar sinnum 25. desember 2020 úr símanúmerinu [...] í farsíma A fyrrum eiginkonu ákærða. Ákærði viðurkenndi fyrir dómi að hafa verið með þetta símanúmer en kvaðst ekki hafa hringt á nefndum degi í A án

Þess að geta skýrt það hver annar en hann hafi getað notað síma hans. Þá var einnig samkvæmt rannsóknargögnum málsins hringt úr aðgangi ákærða í gegnum Facebook Messenger í A 8. janúar 2021. Ekkert hefur komið fram í málinu um annað en ákærði hafi verið með þennan Facebook aðgang. Á nefndum dögum sætti ákærði nálgunarbanni gagnvart A og hún lýsti því hjá lögreglu að hann hafi reynt að ná sambandi við hana þegar nálgunarbannið var í gildi. Telst því sannað að ákærði hafi reynt að ná sambandi við A með fyrrgreindum hætti og á nefndum dögum og því brotið gegn nálgunarbanni. Þó að brotið sem lýst er í ákærulið A.III. hafi verið framið um hálfum mánuði eftir að tímabilinu lauk, sem A. liður ákærunnar tekur til útilokar það ekki að ákærði verði sakfelldur fyrir brotið, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála enda var vörn ákærða ekki áfátt vegna þessa. Eins og hér stendur á verður að líta svo á að þessi brot ákærða gegn nálgunarbanni, sbr. ákæruliðir A.II. og A.III., hafi verið liður í því að viðhalda því ógnarástandi sem hafði skapast gagnvart fyrrum eiginkonu ákærða af hans hálfu. Verða ákæruliðir A.II. og A.III. því heimfærðir til 1. mgr. 218. gr. b hegningarlaga þótt þeir gætu að efni til jafnframt átt undir 1. mgr. 232. gr. laganna. Hefur ekki þýðingu þótt brotapolinn, fyrrum eiginkona ákærða, hafi ekki svarað símanum eða skilaboðunum, enda verður að líta svo á, eins og hér háttar til, að brot gegn 1. mgr. 218. gr. b hegningarlaganna hafi verið fullframið þegar ákærði hringdi, óháð því hvort brotapoli svaraði eða ekki.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar í samræmi við ofangreint.

Það skal tekið fram að ekki verður séð að ákærði hafi orðið fyrir réttarspjöllum við rannsókn lögreglu á málinu vegna tungumálaörðugleika.

### ***Ákæruliður B. (B.I.-B.IV.).***

#### *Málavextir.*

Elsti sonur ákærða, B fæddur árið [...], lýsti í byrjun nóvember 2020 fyrir starfsmanni barnaverndar reglulegu ofbeldi af hálfu ákærða gagnvart drengnum en ákærði hefði m.a. sparkað og slegið í höfuð drengsins. Yngri bræður hans hafi verið vitni að ofbeldinu og orðið mjög hræddir. Eftir atvikið sem lýst er í ákærulið A.I. var elsti sonur ákærða mjög aumur í höfðinu og með sár á handlegg sem hann sagði vera eftir hníf sem ákærði hafi lagt til drengsins. Hann kvaðst vera mjög hræddur við ákærða og stundum hafi hann

óttast að hann myndi drepa drenginn, bræður hans og móður. Kvaðst drengurinn oft hafa orðið vitni að alvarlegu ofbeldi ákærða gagnvart móður drengsins og drengurinn hafi stundum reynt að ganga á milli.

Í skýrslu starfsmanns Reykjanesbæjar í kjölfar atviksins sem lýst er í ákærulið A.I. segir að eiginkona ákærða hafi lýst því að ákærði lemdi yngri syni sína sem séu fæddir 2016 og 2017. Ef honum finnst þeir með mikinn hávaða eða að þeir séu óþægir lemji hann þá með kökukefli. Hann gæti að því að það sjáist ekki áverkar á þeim svo þeir sjáist ekki í leikskóla þeirra. B skýrði starfsmanninum frá því að ákærði væri oft orðljótur við drenginn og þetta hafi ekki verið í fyrsta skipti sem hann hafi beitt fjölskylduna ofbeldi. Ákærði neiti drengnum um vasapening t.d. þegar hann megi koma með pening í skólann.

Með bréfi starfsmanns Kvennaathvarfsins frá 4. nóvember 2020 fylgdu tvær viðtalsnótur við drenginn B en starfsmaður athvarfsins hafði rætt við hann 1. og 3. nóvember. Drengurinn hafi lýst því að ákærði beitti hann og móður hans ofbeldi m.a. með öskrum og ógnarstjórn en einnig væri um líkamlegt ofbeldi að ræða. Þegar ákærði byrjaði á einhverju af þessu tagi myndu yngri synir hans flýja inn í herbergi og öskra og gráta. Stundum hafi þeir séð ákærða beita líkamlegu ofbeldi. B hafi spurt hvort ekki væri hægt að senda ákærða aftur til baka eða setja hann í fangelsi vegna þess að hann væri vondur maður, sem eiginkona hans og synir væru hrædd við, enda meiddi hann þau mikið og endurtekið. B þróaði um að fá að vera í Kvennaathvarfinu ásamt bræðrum sínum meðan móðir þeirra þurfti að fara á sjúkrahús.

Í skýrslutöku hjá lögreglu kvaðst ákærði ekki hafa beitt son sinn B ofbeldi. Þá hafi hann ekki orðið vitni að ofbeldi ákærða gagnvart móður drengsins.

*Framburður ákærða og vitna fyrir dómi.*

Ákærði neitar sök og kvaðst ekki hafa beitt elsta son sinn ofbeldi, hvorki andlegu né líkamlegu.

Vitnið og brotapolinn, B sonur ákærða, gaf skýrslu fyrir dómi í Barnahúsi 10. desember 2020. Vitnið sagði að það hafi ekki verið í fyrsta skipti 28. október 2020 sem ákærði hafi sparkað í móður vitnisins en þá hafi hann m.a. sparkað í magann á henni. Ákærði hafi

áður sparkað í maga hennar og þá hafi hún misst barn. Hann hafi neitað að greiða fyrir hana svo hún kæmist til læknis og hann hafi sagt að honum stæði á sama hvað yrði um hana. Í Kúrdistan hafi ákærði bundið vitnið fast með límbandi og ef aðrir í fjölskyldunni töluðu of mikið hafi hann blótað þeim og slegið þau. Á Íslandi hafi ákærði oft talað illa um vitnið og blótað því. Hann hafi m.a. sagt vitnið vera geðveikan og notað virkilega ljót orð sem vitnið kvaðst ekki geta haft eftir. Yngri bræður vitnisins hafi „alltaf“ séð ákærða og móður vitnisins rífast eða slást en vitnið hafi þá venjulega farið með þá inn í herbergi til að dreifa huga þeirra en þeir hafi alltaf vitað af ofbeldinu. Þeir hafi heyrt rifrildi og séð ákærða hrækja á móður þeirra. Vitnið sagði að ákærði hafi einnig slegið yngri bræður vitnisins og löðrungur sé ekki neitt í huga ákærða heldur sé það aðeins til að halda uppi aga. Hann sjái ekkert athugavert við það að berja og löðruna barn og líti reyndar á það sem af hinu góða. Það sé daglegt brauð að ákærði löðruni einhvern. Vitnið sagði að ákærði hafi oft sagt að hann ætlaði með fjölskylduna aftur til [...], berja þau og skilja þau þar eftir. Hann ætlaði síðan sjálfur að koma aftur til Íslands.

Í skýrslutöku fyrir dómi í Barnahúsi 10. nóvember 2022 lýsti vitnið B því að ákærði hafi um tveimur árum fyrr slegið vitnið með flötum lófa á kinnina, sparkað í það, sagt oft ljót orð um vitnið og öskrað á það. Vitninu hafi ekki liðið vel þegar ákærði hafi haft ljót orð um það eða öskrað á það. Hann hafi einnig sagt oft ljót orð við móður vitnisins, öskrað á hana, lamið hana og sparkað í hana. Vitnið kvaðst halda að ákærði hafi lamið yngri bræður þess og þá oft en einu sinni og þeir þá farið að gráta. Vitnið kvaðst hafa verið mjög hrætt við ákærða.

Vitnið, H læknir, staðfesti að hafa skoðað brotapolann B 28. október 2020 á heimili hans. Mar, sem hann hafi verið með, gæti hafa verið eftir högg með hörðu áhaldi en vitnið kvaðst ekki hafa séð áverka á bók brotapolans. Vitnið staðfesti vottorð sitt.

Vitnið, F læknir, kvaðst hafa skoðað drenginn B á slysa- og bráðadeild LSH 1. nóvember 2020. Hafi skoðunin tekið mið af frásögn drengsins en hann hafi ekki nefnt að hann hafi verið sleginn í búkinn.

*Niðurstaða.*

Í ákærulið B. er ákærða gefið að sök andlegt og líkamlegt ofbeldi gagnvart elsta syni sínum B eins og nánar er lýst í ákæruliðum B.I.-B.IV. Ákærði neitar sök.

Vitnið og brotapolinn B, elsti sonur ákærða, lýsti því m.a. fyrir dómi að ákærði hafi beitt vitnið líkamlegu ofbeldi m.a. slegið vitnið með flötum lófa á kinnina og sparkað í það. Þá hafi ákærði oft talað illa um vitnið og blótað því. Hann hafi sagt vitnið geðveikt og notað ljót orð um það sem vitnið vildi ekki hafa eftir. Ákærði hafi einnig sagt ljót orð við móður vitnisins, öskrað á hana, sparkað í hana og lamið hana. Hann hafi einnig lamið yngri bræður vitnisins oft en einu sinni og þeir þá farið að gráta. Þegar ákærði og móðir vitnisins hafi rifist eða ákærði beitt hana ofbeldi hafi vitnið farið með yngri bræður sínar inn í herbergi til að dreifa huga þeirra. Það hafi verið daglegt brauð að ákærði hafi löðrungað einhvern og hann hafi talið það sjálfsagt, það væri af hinu góða og aðeins til þess að halda uppi aga.

Læknir fór á heimili fjölskyldu ákærða 28. október 2020 í kjölfar atviksins sem lýst er í ákærulið B.IV. Þar lýsti B fyrir læknum átökum foreldra sinna sem B hafi síðan blandað sér í. Þá hafi hann verið klóraður í andlit og fengið lítinn skurð á upphandlegg. Ákærði hafi hrint drengnum og hann þá rekið höfuðið í skáp og fallið í gólfið. Drengurinn hafi verið með höfuðverk og í uppnámi. Hann hafi verið með kúlu á höfði og yfirborðslæg sár (klórför), líklegast eftir átök.

B fór á bráðamóttöku Landspítalans 1. nóvember 2020. Þar skýrði hann frá því að ákærði hafi slegið hann ítrekað með hendi í höfuðið 29. október 2020. Við skoðun var hann með kúlu hægra megin á enni og aumur um hægra eyra.

Eins og fram er komið lýsti B í byrjun nóvember 2020 fyrir starfsmanni barnaverndar reglulegu ofbeldi af hálfu ákærða gagnvart drengnum en ákærði hefði m.a. sparkað og slegið í höfuð drengsins. Yngri bræður hans hafi verið vitni að ofbeldinu og orðið mjög hræddir. Eftir atvikið sem lýst er í ákærulið B.IV. var elsti sonur ákærða mjög aumur í höfðinu og með sár á handlegg sem hann sagði vera eftir hníf sem ákærði hafi lagt til drengsins. Hann kvaðst vera mjög hræddur við ákærða og stundum óttast að hann myndi

drepa drenginn, bræður hans og móður þeirra. Drengurinn kvaðst oft hafa orðið vitni af alvarlegu ofbeldi ákærða gagnvart móður drengsins.

Í skýrslu starfsmanns Reykjanesbæjar í kjölfar atviksins sem lýst er í ákærulið B.IV. segir að eiginkona ákærða hafi lýst því að ákærði lemdi yngri syni sína sem séu fæddir 2016 og 2017. Ef honum finnst þeir með mikinn hávaða eða að þeir séu óþekki lemji hann þá með kökukefli en hann gæti sín á því að það sjáist ekki áverkar á þeim. B skýrði starfsmanninum frá því að ákærði væri oft orðljótur við drenginn og þetta hafi ekki verið í fyrsta skipti sem hann hafi beitt fjölskylduna ofbeldi. Ákærði neiti drengnum um vasapening t.d. þegar hann megi koma með pening í skólann.

Með bréfi starfsmanns Kvennaathvarfsins frá 4. nóvember 2020 fylgdu tvær nótur um viðtöl við drenginn B en starfsmaður athvarfsins hafði rætt við hann 1. og 3. nóvember. Í viðtölunum kom fram hjá drengnum að ákærði beitti hann og móður hans ofbeldi m.a. með öskrum og ógnarstjórn en einnig væri um líkamlegt ofbeldi að ræða. Þegar ákærði byrjaði á þessu myndu yngri synir hans flýja inn í herbergi, öskra og gráta. Stundum hafi þeir séð ákærða beita líkamlegu ofbeldi. B hafi spurt hvort ekki væri hægt að senda ákærða aftur til baka eða setja hann í fangelsi vegna þess að hann væri vondur maður sem eiginkona hans og synir væru hrædd við enda meiddi hann þau mikið og endurtekið. B hafi þrúbeðið um að fá að vera í Kvennaathvarfinu ásamt bræðrum sínum meðan móðir þeirra þurfti að fara á sjúkrahús.

Auk þess sem hér hefur verði rakið vísast til þess sem segir um ofbeldi ákærða gagnvart B og móður hans í umfjöllun um ákærulið A.

Hér á það sama við og segir í niðurstöðukafla um ákærulið A. varðandi efni frumvarps þegar 218. gr. b. almennra hegningarlaga varð að lögum og vísast til þess. Þá á það sama við hér og þar kemur fram að ekki þurfi að tilgreina nákvæmlega hvert og eitt ofbeldisbrot ákærða né að tímasetja þau nákvæmlega.

Með vísan til ofanritaðs telst hafið yfir skynsamlegan vafa og þar með sannað að ákærði hafi um langt tímabil gerst sekur um andlegt og líkamlegt ofbeldi gagnvart elsta syni sínum eins og lýst er í ákærulið B. í heild sinni. Afleiðingar ofbeldisins urðu m.a. þær

sem lýst er í ákærulið B.IV. og styðst það við læknisvottorð. Þó verður ekki fullyrt að ofbeldi ákærða gagnvart drengnum hafi byrjað 1. október 2018 eins og tekið er fram í upphafi ákæruliðar B. en það breytir ekki niðurstöðu málsins. Ákærði hefur því endurtekið og á alvarlegan hátt ógnað heilsu og velferð sonar síns B þannig að varðar við 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Háttsemi ákærða þykir ekki, eins og atvikum málsins er háttað, jafnframt varða við 2. mgr. 218. gr. b. hegningarlaganna eins og talið er í ákæru. Hefur ákærði unnið sér til refsingar í samræmi við þetta.

### ***Ákæruliður C. (C.I.-C.III.).***

#### *Málavextir.*

Um helstu atvik má vísa til umfjöllunar um málavexti vegna ákæruliðar B. Þar kemur m.a. fram að elsti sonur ákærða hafi lýst fyrir starfsmanni barnaverndar ítrekuðu líkamlegu ofbeldi ákærða gagnvart drengnum og yngri bræður hans hafi stundum orðið vitni að því og verið þá mjög hræddir. Þar kemur einnig fram að í skýrslu starfsmanns Reykjanesbæjar í kjölfar atviksins sem lýst er í ákærulið A.I. hafi eiginkona ákærða lýst því að ákærði lemji yngri syni þeirra sem séu fæddir 2016 og 2017. Ef honum finnst þeir með mikinn hávaða eða að þeir séu óþægir lemji hann þá með kökukefli. Ákærði passi sig á því að því að það sjáist ekki áverkarnir sjáist ekki í leikskóla drengjanna. Þá kom fram í viðtalsnótum starfsmanns Kvennaathvarfsins frá byrjun nóvember 2020 vegna viðtala við elsta son ákærða að hann hafi lýst því að ákærði beitti soninn og móður hans ofbeldi m.a. með öskrum og ógnarstjórn en einnig væri um líkamlegt ofbeldi að ræða. Þegar ákærði byrjaði á einhverju af þessu tagi myndu yngri synir hans flýja inn í herbergi og öskra og gráta. Stundum hafi þeir séð ákærða beita líkamlegu ofbeldi. B þróaði um að fá að vera í Kvennaathvarfinu ásamt bræðrum sínum meðan móðir þeirra þurfti að fara á sjúkrahús.

Í skýrslutöku hjá lögreglu kvaðst ákærði ekki hafa beitt yngri syni sína, C og D, ofbeldi.

#### *Framburður ákærða og vitna fyrir dómi.*

Ákærði neitar sök og hann kvaðst ekki hafa beitt syni sína þá C og D ofbeldi. Hann hafi ekki slegið þá, ekki hent þeim í gólfið og ekki hótad þeim. Ákærði tók fram að það mætti ekki nota hníf gegn börnum.

Vitnið og brotapolinn, B elsti sonur ákærða, gaf skýrslur fyrir dómi í Barnahúsi 10. desember 2020 og 10. nóvember 2022. Vitnið sagði að yngri bræður þess hafi verið viðstaddir þegar atvikið varð sem lýst er í ákærulið A.I. Þá hafi þeir orðið vitni að rifrildum og slagsmálum ákærða og móður drengjanna. Vitnið hafi þá stundum reynt að fara með þá inn í herbergi til að dreifa huga þeirra en þeir hafi alltaf vitað af ofbeldinu. Þeir hafi m.a. séð ákærða hrækja á móður þeirra. Ákærði hafi oft verið reiður og löðrungað yngri syni sína og hafi hann gert það á hverjum degi.

#### *Niðurstaða.*

Ákærða er gefið að sök andlegt og líkamlegt ofbeldi gagnvart sonum sínum sem eru fæddir 2016 og 2017 en ákærði neitar sök.

Í skýrslu starfsmanns Reykjanesbæjar í kjölfar atviksins sem lýst er í ákærulið A.I. segir að eiginkona ákærða hafi lýst því að ákærði lemdi yngri syni sína sem séu fæddir 2016 og 2017. Ef honum finnst þeir með mikinn hávaða eða að þeir séu óþægir lemji hann þá með kökukefli. Hann gæti að því að það sjáist ekki áverkar á þeim svo þeir sjáist ekki í leikskóla drengjanna. B skýrði starfsmanninum frá því að ákærði væri oft orðljótur við drenginn og þetta hafi ekki verið í fyrsta skipti sem hann hafi beitt fjölskylduna ofbeldi.

Í bréfi Kvennaathvarfsins frá 4. nóvember 2020 segir að þegar móðir drengjanna hafi verið mjög illa haldin og grátið sárt eftir atvikið, sem lýst er í ákærulið A.I., hafi þeir haldið utan um hana. Þeir hafi hins vegar ekki verið í uppnámi eða átt í erfiðleikum vegna ástands móður þeirra og fas þeirra hafi verið þeim hætti að þeir hafi virst vanir slíkum aðstæðum.

Elsti sonur ákærða lýsti því í viðtölum í Kvennaathvarfinu að ákærði væri vondur maður og hann meiddi „þau“ mjög mikið og endurtekið. Drengurinn sagði að þegar ákærði væri að beita ofbeldi myndu yngri bræður vitnisins yfirleitt flýja inn í herbergi, öskrað og grátið en hafi stundum komið fram þegar faðir þeirra hafi verið að beita ofbeldi. Drengurinn kvaðst stundum hafa verið hræddur um að ákærði myndi drepa hann, bræður hans og móður þeirra.

Í bréfi Kvænnaathvarfsins frá 27. nóvember 2020 segir að A hafi skýrt frá því í viðtölum að ákærði hafi ítrekað beitt yngri syni sína ofbeldi. Hann hafi lamið þá með lófa á kinnar og í læri, tekið þá stundum upp og hent þeim harkalega í gólfið. Þá hafi ákærði haldið uppi heraga með því að hafa í hótunum við drengina m.a. hafi hann hótað því að sækja hníf og skera þá ef þeir myndu ekki sitja kyrrir, hlýða ákærða og þegja.

Í skýrslutöku hjá lögreglu í kjölfar atviksins sem lýst er í ákærulið A.I. lýsti A því að hún léti ofbeldi ákærða gagnvart henni sjálfri og sonum hennar yfir sig ganga því hún væri honum háð hvað varðar að klæða og fæða börn þeirra. Í skýrslutöku hjá lögreglu 17. nóvember 2020 lýsti A því að þá hafi allt verið í lagi hjá henni og sonum hennar vegna þess að þá hafi enginn verið að lemja eða stríða henni og sonum hennar. Hún kvaðst vera mjög hrædd við ákærða og hún treysti honum ekki. Hann myndi jafnvel reyna að drepa A og syni þeirra. Síðan lýsti A því í skýrslutöku hjá lögreglu 6. september 2022 að ákærði hafi lamið syni sína með spýtu og þegar heyrst hafi í þeim hafi hann slegið þá í kinnarnar. Ákærði hafi byrjað að beita syni sína ofbeldi þegar þeir hafi verið tveggja ára og byrjaðir að ganga. Ákærði hafi öskrað á syni sína. Um þýðingu framburðar vitnis hjá lögreglu, sem gefur ekki skýrslu fyrir dómi, vísast til umfjöllunar hvað það varðar í niðurstöðukafla um ákærulið A. og gildir það sama hér og þar segir.

Auk þess sem hér hefur verið rakið vísast til þess sem segir um ofbeldi ákærða gagnvart B og móður hans í umfjöllun um ákæruliði A. og B. Samkvæmt framburðum þeirra voru yngri synir ákærða oft vitni að ofbeldi hans gagnvart móður þeirra og elsta bróður þeirra.

Hér á það sama við og segir í niðurstöðukafla um ákærulið A. varðandi efni frumvarps þegar 218. gr. b. almennra hegningarlaga varð að lögum og vísast til þess. Þá á það sama við hér og þar kemur fram að ekki þurfi að tilgreina nákvæmlega hvert og eitt ofbeldisbrot ákærða gagnvart tveimur sonum hans fæddum 2016 og 2017 né að tímasetja eða staðsetja þau nákvæmlega.

Með vísan til ofanritaðs telst hafið yfir skynsamlegan vafa og þar með sannað að ákærði hafi um langt tímabil gerst sekur um andlegt og líkamlegt ofbeldi gagnvart tveimur sonum sínum fæddum 2016 og 2017 eins og lýst er í ákærulið C. í heild sinni. Þó verður ekki fullyrt að ofbeldi ákærða gagnvart drengjunum hafi byrjað 1. október 2018 eins og

tekið er fram í upphafi ákæruliðar C. en það breytir ekki niðurstöðu málsins. Ákærði hefur því endurtekið og á alvarlegan hátt ógnað heilsu og velferð sona sinna C og D þannig að varðar við 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Háttsemi ákærða þykir ekki, eins og atvikum málsins er háttað, jafnframt varða við 2. mgr. 218. gr. b. hegningarlaganna eins og talið er í ákæru. Hefur ákærði unnið sér til refsingar í samræmi við þetta.

## V

### *Refsing og sakarkostnaður.*

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki áður sætt refsingu. Hann hefur verið sakfelldur fyrir alvarleg og ófyrirleitin ofbeldisbrot gagnvart sínum nánustu þ.e. eiginkonu og þremur ungum sonum þeirra sem voru til þess fallin að valda þeim skaða. Þá fólst í brotunum niðurlæging og kúgun gagnvart brotapolunum og brotin voru framin á sameiginlegu heimili þeirra þar sem brotapolar áttu að njóta friðhelgis og vera öruggir. Við ákvörðun refsingar verður að hafa hliðsjón af þessu sem og 1., 2. og 3. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá verður ekki heldur litið framhjá því að langt er um liðið síðan ákærði framdi brot sín. Með vísan til þessa og 77. gr. hegningarlaganna þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði en þar sem langt er um liðið síðan brotin áttu sér stað þykir rétt að fresta fullnustu 15 mánaða af refsingunni og falli sá hluti hennar niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Einars Huga Bjarnasonar lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin með hliðsjón af tímaskýrslu verjandans og umfangi málsins 3.224.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Málsvarnarlaunin taka einnig til starfa verjandans á rannsóknarstigi málsins. Það skal tekið fram að tímaskráning verjandans þykir úr hófi miðað við umfang málsins. Ákærði greiði annan sakarkostnað 144.540 krónur.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Daníel Reynisson aðstoðarsaksóknari.

Ingi Tryggvason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **D ó m s o r ð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í 18 mánuði en fresta skal fullnustu 15 mánaða af refsingunni og falli sá hluti hennar niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði allan sakarkostnað þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Einars Huga Bjarnasonar lögmanns, 3.224.000 krónur og annan sakarkostnað 144.540 krónur.

Ingi Tryggvason